Mánudaginn 18. september 1995.

Nr. 308/1995. **Hreiðar Bergur Hreiðarsson**
(Róbert Árni Hreiðarsson hdl.)
gegn
Wan Eknarin

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi. Stefnubirting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. september 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 19. september. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. ágúst 1995, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað frá dómi án kröfu, en sóknaraðili kveðst fyrst hafa vitað um úrskurðinn 13. september. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að fella efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Héraðsdómsstefna í máli þessu var birt 14. júní 1995 fyrir Steinari Þór Guðjónssyni á lögheimili varnaraðila, Hraunbæ 116 í Reykjavík. Samkvæmt a-lið 3. mgr. 85. gr. laga nr. 91/1991 er birting stefnu lögmæt, ef birt er á skráðu lögheimili stefnda. Sá annmarki á birtingarvottorði að geta ekki um tengsl varnaraðila og þess, sem birt var fyrir, þykir ekki einn sér nægja til frávísunar.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, eru ekki rök til að vísa málinu frá dómi. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. ágúst 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. júní, er höfðað fyrir dómþinginu með stefnu, birtri 14. júní 1995, af Hreiðari Bergi Hreiðarssyni, kt. 301046-7829, Hraunbæ 116, Reykjavík, gegn Wan Eknarin, kt. 110753-2179, Hraunbæ 116, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að þola ógildingu á 3. gr. kaupmála á milli stefnanda og stefndu, dags. 25. júní 1991, skrásettum í kaupmálabók sama dag, en greinin hljóðar þannig: „Komi til skilnaðar milli okkar skv. ósk mannsins, skal litið svo á, að kaupmáli þessi sé fallinn úr gildi, og fer þá um skipti milli okkar skv. lögum." Þá gerir stefnandi kröfu um málskostnað skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi úr hendi stefndu að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

– – –

Stefna máls þessa er birt fyrir Steinari Þór Guðjónssyni á jarðhæð til hægri að Hraunbæ 116 í Reykjavík. Ekki var sótt þing af hálfu stefndu við þingfestingu málsins.

Samkvæmt fram lögðu vottorði Hagstofu Íslands, dagsettu 13. júní 1995, er stefnda skráð með lögheimili að Hraunbæ 116 í Reykjavík. Í stefnu segir, að stefnda hafi farið af landi brott í septembermánuði 1992 og ekki komið til Íslands aftur. Í dómi Hæstaréttar Íslands frá 5. apríl 1995 í máli milli sömu aðila kemur fram, hvaða hátt Wannika Sathong hafi haft á að koma til stefndu afriti stefnu í því máli. Hafi sóknaraðili, þ. e. stefnandi máls þessa, tekið að sér að póstleggja afrit stefnunnar til varnaraðila, stefndu í þessu máli, á póstfang í Tælandi. Ljóst er því, að stefnda er búsett í Tælandi, en ekki á Íslandi. Þykir því ekki nægilegt að birta stefnu á hendur stefndu að Hraunbæ 116 í Reykjavík, jafnvel þótt stefnda sé enn skráð til lögheimilis þar. Þá er þess að gæta, að í birtingarvottorði segir, að birt sé fyrir Steinari Þór Guðjónssyni, án þess að geta um tengsl hans við aðila málsins. Verður því með vísan til 90. gr. og 3. mgr. 82. gr. laga nr. 91/1991 að telja, að reyna hefði átt birtingu stefnu í máli þessu fyrir stefndu í Tælandi. Með vísan til framanritaðs er máli þessu vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.

Úrskurðinn kvað upp Arnfríður Einarsdóttir, ftr. dómstjóra.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki.